



14. febrúar 2002

Heldur rauða strikið í maí?

Lækkun neysluverðsvisitölunnar um 0,3% frá janúar til febrúar gefur vonir um að ákveðin veðrabrigði séu að verða í verðlagsmálum. Hér gætur að sjálfsgöðu sértækra skýringa svo sem áhrifa þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að draga til baka að verulegu leyti þær gjaldskrárhækkningar sem höfðu orðið um áramótin, en sú ákvörðun skýrði helming lækkunarinnar. Jafnframt hafa brýningar Alþýðusambands Íslands án efa orðið til þess að hamlá gegn verðlagshækkunum ýmissa aðila.

Mestu máli skiptir hins vegar að niðurstaða þessarar verðmælingar eykur mönnum bjartsýni á að rauða strikið svokallaða í maí muni halda og að því muni ekki koma til uppsagnar kjarasamninga. Þetta hefur bein og jákvæð áhrif á væntingar í þjóðfélaginu, ekki aðeins hvað varðar verðbólgu heldur einnig almennt um þróun efnahagsmála.

Þessi áhrif geta birst með margvíslegum hætti. Stjórnendur fyrirtækja öðlast meiri bjartsýni á að framundan sé aukinn stöðugleiki í efnahagsmálum sem aftur hefur jákvæð áhrif á fjárfestingaráform og afkomu fyrirtækja. Sama máli gegnir um einstaklinga. Það er þó tæplega ástæða til að óttast að framundan sé ný alda offjárfestingar og umfræmyðslu. Til þess eru bæði einstaklingar og fyrirtæki of skuldsett og það mun hamlá gegn slíkri þróun líkt og gerðist á síðasta ári.

Jafnframt er þess að vænta að áhrifin birtist í aukinni tiltrú á krónunni. Þar þarf auðvitað ýmislegt fleira að koma til, svo sem áframhaldandi minnkandi viðskiptahalli, greiður aðgangur að fjármögnun hans o.fl. Á þessari stundu virðist þó flest benda til þess að frekar sé ástæða til að búast við styrkingu krónunnar en veikingu á næstunni. Þessi sjónarmið hafa m.a. komið fram í nýllegri skýrslu Seðlabankans.

Að mati fjármálaráðuneytisins eru miklar líkur á að verðlagsþróun næstu mánaða verði með þeim hætti að rauða strikið í maí haldi. Ljóst er þó að ekki má mikið út af bregða. Mikið veltur á hvernig þróun gengisins verður fram til þess tíma og ekki síður hvernig styrking gengisins undanfarna mánuði skilar sér inn í verðlagið. Samkvæmt spá ráðuneytisins er gert ráð fyrir að neysluverðsvisitalan hækki um nálegt 3% innan ársins m.v. óbreytt gengi. Þetta er svipuð hækkun og felst í síðustu spá Seðlabankans. Nokkru munar hins vegar á spá ráðuneytisins og bankans hvað varðar meðalhækkun milli ára þar sem spá ráðuneytisins gerir ráð fyrir um 5½% hækkun, eða ½% minna en reiknað var með í fjárlögum, en spá bankans er tæplega 6%. Frekari styrking gengisins en orðið er mun skila sér í enn lægri verðbólguölum.

Afkoma ríkissjóðs 2001

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir árið 2001 (http://fjarmalaraduneyti.is/interpro/fjr/fjr_nsf/pages/afkoma2001_022002). Tölurnar eru ekki samanburðarhæfar við fjárlög ársins þar sem þau eru sett fram á rekstrargrunni. Engu að síður gefur samanburður þessara talna við sjóðshreyfingar fjáruka laga sem samþykkt voru í desember sl. ákveðna vísbendingu um hvert stefnir.

Samanburður við sjóðshreyfingar fjáruka laga. Heildartekjur ríkissjóðs sem innheimtar voru á árinu 2001 reyndust 220,9 milljarðar króna, eða 6,4 milljörðum króna lægri en áætlun fjáruka laga gerði ráð fyrir. Frávikid stafar að mestu leyti, eða sem nemur rúmlega 4 milljörðum, af því að áform um sölu eigna ríkisins gengu ekki eftir. Ennfremur skilaði fjármagnstekjuskattur minni tekjum en áætlað var. Aðrir skattar voru að mestu á áætlun. Heildargjöld námu 221,3 milljörðum króna, eða 7 milljörðum undir áætlun, en það má að langmestu leyti rekja til minni fjárfestingarútgjalda en áætlað var. Handbært fé frá rekstri var því neikvætt um 1½ milljarð króna sem er 4½ milljarði króna betri niðurstaða en áætlað var í fjáruka lögum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,6	5,3
Tekjuskattar	17,2	14,1
Tryggingagjöld	11,2	10,6
Eignarskattar	18,4	8,7
Veltuskattar	6,7	-0,5
Tekjur alls	6,4	6,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	14,9	3,2
Félagsmál	7,1	15,2
Atvinnumál	4,4	15,2
Vaxtagjöld	44,4	4,3
Önnur útgjöld	4,9	24,3
Gjöld alls	9,8	13,3

Vísbendingar um niðurstöðu ársins. Þótt enn séu ekki öll kurl til grafar komin bendir þessi niðurstaða til þess að afkoma ríkissjóðs verði ekki fjarri síðustu áætlunum eins og þær birtust í fjáruka lögum og, ef eitthvað er, jafnvel betri. Þetta á sérstaklega við um hinn eiginlega og reglubundna rekstur ríkissjóðs. Á hinn bóginn er rétt að hafa þann fyrirvara á að enn er eftir að meta ýmsar stærðir sem alla jafna er erfitt að áætla fyrir, svo sem afskriftir skatta og lífeyrisskuldbindingar. Reynsla undanfarna ára sýnir að þessar stærðir geta haft veruleg áhrif á endanlega niðurstöðu ríkisreiknings.

Samanburður við árið 2000. Afkoma ríkissjóðs reyndist talsvert lakari í fyrra en árið 2000. Meginástæðu versnandi afkomu má rekja til þeirra umskipta sem urðu í efnahagsmálum á árinu sem birtist bæði í samdrætti tekna og auknum útgjöldum vegna meiri verðlags- og gengisbreytinga. Þannig hækkuðu tekjurnar um 13 milljarða króna milli ára en útgjöldin tvöfalt meira, eða um 26 milljarða.

Efnahagssamdráttur skerðir tekjurnar. Þessi þróun endurspeglar þau efnahagslegu umskipti sem hér hafa orðið á tiltölulega skömmum tíma. Í stað mikillar uppsveiflu undangengin 3-4 ár sem skilaði umtalsverðum tekjum í ríkissjóð gætur nú samdráttur, einkum í innlendi eftirspurn, sem aftur leiðir til minnkandi tekna hjá ríkissjóði. Breytingar skatttekna milli ára gefa glöggja mynd af þessari þróun. Á árinu 1999 jukust skatttekjur um 15%, árið 2000 um 10% og á síðasta ári um 5%. Hækkun skatttekna á síðasta ári jafngildir tæplega 1½% samdrætti að raungildi samanborið við 5½% hækkun að raungildi árið áður. Þessi munur svarar til rúmlega 13 milljarða tekjulækkunar milli ára.

Aukin verðbólga hækkar útgjöld. Tæplega tvo-þriðju hluta hækkunar útgjalda ríkissjóðs í fyrra má rekja til áhrifa kjarasamninga, lækkunar gengis krónunnar og almennra verðlagshækkana. Að auki koma til sögunnar ný verkefni og sérstakar greiðslur, svo sem til fæðingarorlofsjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, öryrkja og almannatrygginga vegna nýrrar lagasetningar.

Vátryggingarvernd veitt til marsloka

Alþingi hefur samþykkt að framlengja til 10. apríl n.k. heimild ríkissjóðs til að veita flugrekendum vátryggingarvernd vegna tjóns af völdum hryðjuverka. Fjármálaráðherra hefur á grundvelli þessarar lagahæimildar gert nýtt samkomulag við samsteypu norræna flugvátryggjenda um endurtryggingu á ábyrgðartryggingu sem samsteypan veitir íslenskum flugrekendum. Samkomulagið gildir til marsloka.

Tvísköttunarsamningur við Grænland

Dagana 6.-7. febrúar 2002 hittust samninganefndir Grænlands og Íslands í Reykjavík til að ljúka gerð tvísköttunarsamnings milli landanna. Samningurinn bíður nú undirritunar og fullgildingar íslenskra og grænlandskra stjórnvalda. Samningurinn nær til tekju- og eignarskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru að föst atvinnustöð telst vera fyrir hendi þegar byggingar- eða eftirlitsstarfsemi hefur varað í 6 mánuði. Varðandi skattlagningu arðs ber að nefna að arður er frádráttarber frá hagnaði fyrirtækja í Grænlandi en skattgreiðsla fer fram þegar arður er greiddur út til hluthafa. Grænlandingar gátu því ekki sæst á samningsfyrirmynd Íslands varðandi skattlagningu arðs og því varð niðurstaðan sú að grænlandsk skattfyrirvöld mega halda eftir 35% skatti af útgreiðslu arðs frá grænlandskum fyrirtækjum en það skatthlutfall samsvarar tekjuskattsprósentu félaga á Grænlandi. Þegar um útgreiðslu arðs frá Íslandi til Grænlands er að ræða varð niðurstaðan sú að heimilt er að leggja á 5% eða 15% afdráttarskatt eftir því hvernig eignarhlutdeild móttakanda er háttá. Þá er samningsríkjum heimilt að halda eftir 15% afdráttarskatti af þóknunum en þar mættust aðilar á miðri leið. Að lokum var samið um að lífeyrisgreiðslur mætti skattleggja í upprunaríkinu.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	12062	-1557
Hr. lánsfjárfjórnuður	16548	-25713
Afborganir lána	-34544	-22407
Br. lánsfjárfjórnuður	-24992	-60621
Lántökur	25296	61444
Greiðsluafkoma	302	825

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-feb 2001/02	4,1	8,9
Kjarnaverb.-feb 2001/02	3,1	10,4
Launavísitala-des 2000/01	7,6	9,6
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi - des 2000/01	1,3	1,9